

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

*Deiliskipulag miðbæjar, Vesturvegur 25.*

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á 1622. fundi sínum þann 21. janúar 2026 tillögu að breyttu deiliskipulagi miðbæjar Vestmannaeyja við Vesturveg 25. Tillagan var grenndarkynnt á tímabilinu 28. ágúst – 25. september 2025 skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Áður var gerð var breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina sem tók gildi 15. nóvember 2018.

Breytingarnar fela í sér stækkun á byggingarreit um 2 m til suðurs auk nýs byggingarreits fyrir geymslur á lóð. Byggingarreitur þriðju hæðar er auk þess stækkaður og gert ráð fyrir sér íbúð á hæðinni. Íbúðum er þannig fjölgað úr tveimur í þrjár og fjöldi bílastæði á lóð sömuleiðis aukinn úr tveimur í þrjú. Að lokum er gert ráð fyrir svölum á suðurhlíð annarrar og þriðju hæðar. Annað í deiliskipulagi er óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Vestmannaeyjum, 17. mars 2026.*

F.h. Vestmannaeyjabæjar,  
**Dagný Hauksdóttir**, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 31. mars 2026